



Efni: Greinagerð vegna athugasemda

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja þakkar umsagnaraðilum fyrir ábendingar við gerð skipulagsáætlana fyrir Viðlagafjöru.

Skipulagsáætlanir voru auglýstar skv. skipulagsreglugerð nr. 123/2010 ásamt umhverfismati áætlana á tímabilinu 21. september til og með 1. nóvember 2022.

Skipulagsáætlanir voru sendar til umsagnar eftirfarandi aðila:

- Hafrannsóknarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- HS-Veitur
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Samgöngustofu
- Skipulagsstofnunar
- Umhverfisstofnunar
- Veðurstofu Íslands
- Vegagerðarinnar

Umsagnir bárust frá 4 umsagnaraðilum; Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Samgöngustofu og Náttúrufræðistofnun Íslands. Skipulagsráði hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum sem bárust á fundi ráðsins þann 21. nóvember 2022. Ráðið hefur fallist á eftirfarandi viðbrögð.

Umsögn Minjastofnunar kallaði ekki á breytingar á tillögunni og umsögn Náttúrufræðistofnunar ítrekaði fyrri athugasemdir og fallist var á að við þeim hefði verið brugðist.

Í athugasemd Samgöngustofu var bent á að líklega myndu mannvirki fiskeldisstöðvarinnar valda hættu fyrir sjófarendur vegna nálægðar við Urðavita. Vestmannaeyjabær skoðaði þetta sérstaklega og sýndi fram á að þessi hættu væri óveruleg en brást við með því að bæta við skilmála um hámarkshæð mannvirkja. Haft var samráð við Samgöngustofu og Vegagerðina um þessa úrlausn.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar eiga við um deiliskipulagstillöguna. Brugðist var við athugasemdum með því að bæta við skilmálum í deiliskipulagi um fuglager. Einnig er bætt við skilmálum í deiliskipulagi varnadi að ljóskösturum sé ekki beint að innsiglingu eða sjó til að draga ekki úr skýrleika merkja frá Urðavita.

Í umhverfisskýrslunni var áréttað að göngu og hjólastígur verða meðfram umferðarvegi sem mun liggja þar sem nú er vegslóði og hrauni hefur þegar verið raskað.